

Sp.

107. Tillaga til þingsályktunar

[94. mál]

um athugun á auknum iðnrekstri í kaптúnum og kaupstöðum, þar sem atvinna er ónóg.

Flm.: Björn Pálsson, Gunnar Gíslason, Benedikt Gröndal.

Alþingi ályktar að fela 5 manna nefnd að athuga, hvað hægt sé að gera til að auka iðnað í þeim kaптúnum og kaupstöðum úti á landi, þar sem ónóg er atvinna. Alþingi kýs tvo menn í þessa nefnd, en ríkisstjórnin skipar þrjá, og skulu þeir vera sérfróðir í iðnaðarmálum. Störf nefndarinnar skulu vera:

1. Athugun á því, hvar mest er þörf fyrir aukinn iðnað vegna ónógrar atvinnu.
2. Athugun á því, hvaða iðngreinar er hagkvæmast að starfrækja á hverjum stað.
3. Að gera tillögur um, á hvern hátt eigi að útvega fjármagn, svo að hægt sé að starfrækja iðnfyrirtækin.
4. Að gefa upplýsingar um þá faglegu þekkingu, sem nauðsynleg er, til þess að hægt sé að starfrækja þau iðnfyrirtæki, sem nefndin leggur til að stofnuð verði.

Greinargerð.

Þess hefur gætt nokkuð undanfarin ár, að atvinna hafi verið misjöfn hér á landi. Á Faxaflóasvæðinu hefur atvinna verið nægileg og jafnvel vantað vinnuafli. Hins vegar hefur ekki verið nægileg vinna allt árið í vissum kaптúnum og kaupstöðum úti á landi. Viða er aðalátvinnan sjósókn og vinna við sjávarafli í landi. Þegar afli bregzt, myndast meira eða minna atvinnuleysi. Atvinnuöryggið er of lítið. Til að bæta úr því verður að gera atvinnulífið fjölbreyttara, og yrði þá einkum um aukinn iðnað að ræða. Til þess að hægt sé að auka iðnaðinn, þarf fjármagn og tækni-kunnáttu. Nauðsyn ber til, að undirbúningurinn sé sem beztur, svo að um sem minnst mistök verði að ræða. Þörf er því á, að skipuleg og fagleg athugun fari fram á því, hvaða iðngreinar sé hagkvæmast að starfrækja á hverjum stað og hvar þörf á aukinni atvinnu sé mest, til þess að vinnuafli þjóðarinnar nýtist sem bezt og atvinnuöryggi borgaranna sé sem jafnast og tryggast. Hráefnaframleiðsla íslensku þjóðarinnar byggist á sjávarútvegi og landbúnaði. Iðnaðurinn er að minnsta kosti enn að mestu leyti miðaður við að vinna úr íslenskum hráefnum. Sjávaraflinn er breytilegur. Síldin hefur einkum haldið sig úti fyrir Austfjörðum tvö síðastliðin sumur, en ekki er víst, að svo verði um alla framtíð.

Kaптún og kaupstaðir úti á landsbyggðinni hafa þýðingarmiklu hlutverki að gegna í lífsbaráttu þjóðarinnar, svo að hægt er að nýta auðlindir sjávar og sveita. Til þess að fólkið vilji og geti búið þar og unga fólkið flytjist ekki burt, um leið og það er vinnufært, þarf að auka atvinnuöryggið og gera atvinnulífið fjölbreyttara. Það tekst ekki, nema iðnaðurinn sé aukinn. Ýmiss konar iðngreinar geta komið til greina, svo sem skipasmíði, yfirbygging bíla, fatagerð, sælgætisgerð, ullariðnaður, sútun skinna, húsgagnasmíði, efnaiðnaður, smíði á síldartunnum, aukin nýting sjávarafurða o. fl. Meiri tilfærsla á fólki og fjármagni í landinu en þegar er orðin er meir en vafasöm. Frekari þróun í þá átt ber að hindra með því að efla atvinnulífið þar, sem þess er þörf. Það verður tæpast gert, nema þjóðfélagið í heild stuðli að því með útvegum fjármagns og tækniástoð.